

Lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Háskólinn á Bifröst

Haust 2010

**Lækkunarregla 24. gr. skaðabótalaga nr.
50/1993**

Höfundur: Brimar Aðalsteinsson

Leiðbeinandi: Einar Karl Hallvarðsson

Lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Háskólinn á Bifröst

Haust 2010

**Lækkunarregla 24. gr.
skaðabótalaga nr. 50/1993**

Höfundur: Brimar Aðalsteinsson

Leiðbeinandi: Einar Karl Hallvarðsson

Ágrip

Árið 1993 voru sett á Íslandi skaðabótalög nr. 50/1993. Í þeim lögum var að finna almenna lækkunarheimild sem ætlað var að vera eins konar félagslegur öryggisventill fyrir þau tilvik þar sem almennar reglur skaðabótaréttarins myndu þykja leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu. Ritgerð þessi fjallar um þessa heimild 24. gr. skaðabótalaga til lækkunar skaðabótaábyrgðar tjónvalds og meðábyrgðar tjónþola að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ritgerðinni verður farið yfir inntak ákvæðisins og tilgang þess, og þau atriði sem liggja til grundvallar mati á því hvort beita eigi greininni. Ritgerðin byggist að miklu leyti upp á dómaumfjöllun, og af þeim sökum þótti rétt, auk umfjöllunar um 24. greinina og dómaframkvæmd hennar, að gera grein fyrir helstu hugtökum skaðabótaréttarins.

Formáli

Ritgerð þessi var unnin á Bifröst haustið 2010. Hún er 8 ECTS eininga lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði. Ritgerðin ber heitið *Lækkunarregla 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993*. Tilgangur verkefnisins var að gera grein fyrir inntaki 24. gr. skaðabótalaga og kanna beitingu hennar í dómaframkvæmd. Áhugi höfundar á efninu vaknaði við nám í skaðabótarétti á sumarönn 2010, en þar kom fram við umfjöllun um Hrd. 646/2009 að þar færi fyrsta dæmi þess að lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga væri beitt af Hæstarétti. Þótti höfundur því áhugavert að skoða það hvað þyrfti til að koma til þess að reglunni yrði beitt.

Ritgerðin var unnin undir handleiðslu leiðbeinanda míns Einars Karls Hallvarðssonar og þakka ég honum veitta aðstoð við gerð ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka Hjalta Brynjari Árnasyni laganema fyrir veitta aðstoð við lokafrágang ritgerðarinnar.

Bifröst 13. desember

Brimar Aðalsteinsson

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Skaðabótaréttur.....	2
Réttarheimildir skaðabótaréttar	2
Helstu hugtök skaðabótaréttar	3
Sakarreglan.....	3
Saknæmi	4
Orsakatengsl og sennileg afleiðing.....	4
Tjón	5
Sönnun.....	5
Lækkunarregla 24. gr. skaðabótalaga.....	6
1. mgr. Lækkun bótaábyrgðar tjónvalds.....	10
2. mgr. Lækkun meðábyrgðar tjónþola	11
Lækkun eða niðurfelling bóta vegna of íþyngjandi ábyrgðar	13
Umfang tjóns	15
Eðli bótaábyrgðar	16
Aðstæður tjónvalds.....	17
Hagsmunir tjónþola	18
Vátryggingar aðila.....	19
Önnur atvik.....	19
Mjög óvenjulegar aðstæður	20
Lækkun eða niðurfelling á meðábyrgð tjónþola	21
Niðurstöður.....	24
Lokaorð	26

Inngangur

Skaðabotalög voru fyrst sett á Íslandi með skaðabotalögum nr. 50/1993. Fram að þeim tíma hafði íslenskur skaðabótaréttur verið að mestu ólögfestur og flestar settar lagareglur um skaðabætur utan samninga voru talin til sérákvæða.¹ Lögin sem sett voru breyttu því þó ekki að meginreglur skaðabótaréttarins, svo sem reglur um bótagrundvöllinn, eigin sök og orsakatengsl, eru enn ólögfestar.

Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, höfðu frá miðri síðustu öld unnið saman að undirbúningi löggjafar á sviði skaðabótaréttar utan samninga, og þótt ekki væru sett samhljóða lög í löndunum fjórum í kjölfar þess samstarfs, þá voru sett skaðabotalög í þeim öllum á mismunandi tímum. Þegar kom að því að setja skaðabotalög á Íslandi þótti í ljósi þess að íslenskar réttarreglur eru reistar á norrænum grunni eðlilegast að fyrirmynda yrði leitað í norrænum rétti. Eftir athugun á norrænu skaðabotalögum þóttu þau nýjustu, dönsku lögin², henta best til fyrirmyndar.³

Í ritgerð þessari er ætlunin að fjalla um lækkunarheimild 24. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 og greina notkun hennar í dómaframkvæmd. Í ljósi þess að íslensku skaðabotalögin eiga rætur sínar að rekja til þeirra dönsku, auk þess sem að þeirri grein skaðabotalaganna sem ritgerð þessi fjallar um hefur sjaldan verið beitt fyrir dómi hér á landi þykir rétt að líta til dómaframkvæmdar í Danmörku við umfjöllun um efnið. Mun ritgerðin byggjast þannig upp að fyrst verður almenn umfjöllun um skaðabótarétt og réttarheimildir hans auk almennrar umfjöllunar um helstu hugtök skaðabótaréttarins, s.s. sakarregluna, saknæmi, tjónshugtakið og sönnun í skaðabótarétti. Því næst verður lækkunarregla 24. gr. skaðabotalaga krufin, farið yfir aðdraganda setningar hennar og hugmyndafræðina að baki henni. Verður í því sambandi litið bæði til íslenskra heimilda og lögskýringargagna, auk danskra fræðiskrifa um greinina, enda eru greinarnar í íslensku og dönsku lögunum samhljóða. Reglan sem um ræðir er tvíþætt, annars vegar er í 1. mgr. heimild til lækkunar eða niðurfellingar á bótaábyrgð tjónvalds að viðlögðu mati á vissum atriðum og hins vegar er í 2. mgr. heimild til lækkunar eða niðurfellingar á meðábyrgð tjónþola, að viðlögðu mati á þeim atriðum sem talin eru í 1. mgr. Málsgreinarnar tvær verða því greindar hvor fyrir sig. Í kjölfarið verður umfjöllun um þau einstöku atriði sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort beita skuli heimildinni og dómur reifaðir málinu til stuðnings. Að lokum verður fjallað almennt um meðábyrgð tjónþola

¹ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

² Dönsku lögin heita Erstatningsansvarsloven, lovbekendtgørelse 2005-09-20 nr. 885.

³ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

og lækkun á henni og verður þar reifaður eini íslenski dómurinn þar sem heimildinni hefur verið beitt fyrir Hæstarétti.

Skaðabótaréttur

Orðið skaðabótaréttur hefur þrjár mismunandi merkingar. Í fyrsta lagi merkir það þær réttarreglur sem fjalla um skaðabætur, en í þeirri merkingu er orðið notað þegar t.d. er talað um íslenskan skaðabótarétt. Í öðru lagi er orðið notað um heimildir þær sem réttarreglur veita eiganda skaðabótakröfu, en sú merking orðsins á t.d. við þegar talað er um að skaðabótaréttur hafi stofnast. Í þriðja lagi er orðið notað sem heiti á þeirri fræðigrein innan lögfræðinnar sem fjallar um réttindi til skaðabóta.⁴ Í fræðikerfi lögfræðinnar telst skaðabótaréttur ein grein fjármunaréttar, sem síðan heyrir undir einkarétt.⁵

Skaðabótaréttur sem fræðigrein er sú grein innan lögfræðinnar sem fæst við bætur fyrir tjón.⁶ Greinin fjallar um það hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi og einnig um ákvörðun upphæðar skaðabóta.⁷ Þegar orðið skaðabótaréttur er notað í þeirri merkingu að um sé að ræða réttindi til skaðabóta, þá er átt við rétt til peningagreiðslu til bóta fyrir tjón sem maður hefur orðið fyrir og valdið hefur verið með ólögmatum hætti. Hugsunin að baki þeim réttindum er sú að sá sem verður fyrir tjóni af völdum annars manns verði eins settur fjárhagslega og ef ekkert tjón hefði orðið. Ákveðin skilyrði verða að vera uppfyllt til þess að til slíkra réttinda stofnist, tjóni þarf að hafa verið valdið með tilteknum hætti, ákveðin lágmarkstengsl verða að vera milli bótaskyldrar háttsemi og tjónsins sjálfs, og hagsmunir þeir sem skertir eru verða að vera lögverndaðir.⁸

Réttarheimildir skaðabótaréttar

Meginreglur skaðabótaréttarins, s.s. sakarregluna, regluna um vinnuveitendaábyrgð og almennar reglur um meðábyrgð tjónþola og óskipta ábyrgð gagnvart tjónþola þegar fleiri en einn eru bótaskyldir vegna tjóns, er ekki að finna í settum lögum heldur mótuðust þær smám saman af kenningum fræðimanna og úrlausnum dómstóla. Auk þessara óskráðu meginreglna eru einnig í gildi skaðabótalög nr. 50/1993 þar sem er að finna mikilvægar grundvallarreglur um ákvörðun skaðabóta fyrir líkamstjón. Í þeim lögum er einnig að finna ákvæði um

⁴ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 11-12.

⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 43.

⁶ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 37.

⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 38.

⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 38.

bótalækkun á grundvelli félagslegra velferðarsjónarmiða, sem er meginviðfangsefni ritgerðar þessarar.⁹ Þar að auki eru stöku ákvæði um skaðabætur í ýmsum lögum, svo sem umferðarlögum nr. 50/1987, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 og lögræðislögum nr. 71/1997 svo dæmi séu tekin.

Helstu hugtök skaðabótaréttar

Ritgerð þessi mun að mestu leyti byggjast upp á greiningu dóma sem fallið hafa í skaðabótamálum og snúa að beitingu lækkunarheimildar 24. gr. skaðabótalaga. Þykir því rétt að fjalla stuttlega um helstu hugtök skaðabótaréttarins áður en snúið verður að meginviðfangsefni ritgerðarinnar.

Sakarreglan

Sakarreglan er meginregla íslensks réttar um bótagrundvöllinn. Segja má að reglan nái yfir það tjón sem er tjónvaldi að kenna og unnt hefði verið að komast hjá, hefði hann hegðað sér eins og gera hefði mátt kröfu til.¹⁰ Sakarreglan gildir um bótagrundvöllinn nema lög kveði öðruvísi á um, eða ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Reglan er eins og áður segir ekki lögfest, en þó eru fjölmörg ákvæði í íslenskum lögum sem miða við tilvist hennar. Reglan hefur almennt verið skilgreind svo: *Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.*¹¹

Sakarreglan miðar við það að ákveðnir huglægir þættir geti skipt máli við mat á ábyrgð, en þó er í sífellt meiri mæli reist á hlutlægum þáttum í því sambandi. Huglæg atriði vísa til atriða sem taka mið af einstaklingsbundnum hugmyndum manns, en taka ekki til almennt viðurkennds mats. Andstæða huglægra atriða eru hlutlæg atriði, en með þeim er átt við atriði sem ekki eru háð persónulegu mati. Mörkin milli þessara hugtaka eru ekki alltaf ljós, eins og sjá má þegar lagt er mat á það hvort tjón sé sennileg afleiðing af háttsemi, þ.e.a.s. hvort að tjónvaldur hafi mátt gera sér grein fyrir að háttsemi hans gæti haft þær afleiðingar að hún leiddi til tjóns. Mat á því á að vera hlutlægt, en ekki huglægt þó svo verið sé að meta hvað

⁹ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 16.

¹⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 138.

¹¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 140.

tjónvaldur sjálfur mátti gera sér grein fyrir. Þetta er vegna þess að verið er að meta hvaða afleiðingar má almennt ætla að verði af viðkomandi háttsemi. Þessu er eins farið um mat á saknæmi.

Saknæmi

Við skoðun á skilgreiningunni á sakarreglunni ber að líta til hugtakanna saknæmi og ólögmæti. Orðið sök í skaðabótarétti vísar til þess að háttsemi sé bæði saknæm og ólögmæt.¹² Saknæmi er aftur á móti sameiginlegt heiti á ásetningi og gáleysi, en gáleysi nægir almennt til þess að skaðabótaskylda stofnist.¹³ Gáleysi skiptist svo í ákveðin stig, almennt gáleysi, stórkostlegt gáleysi, ómeðvitað gáleysi og meðvitað gáleysi.¹⁴ Með skilyrðinu um saknæmt athæfi er því átt við að um sök sé að ræða hjá tjónvaldi, og jafnframt felur skilyrðið í sér kröfu um ákveðna huglæga afstöðu til verknaðarins, þ.e.a.s., hann verður að hafa framið verknaðinn af ásetningi eða gáleysi.¹⁵ Með ólögmæti er átt við allt refsivert athæfi, en einnig hegðun sem hefur í för með sér verulega hættu fyrir lögverndaða hagsmuni án þess að um sé að ræða refsivert athæfi.¹⁶

Orsakatengsl og sennileg afleiðing

Það er ekki nóg til þess að til skaðabótaskyldu stofnist að maður sýni af sér saknæma háttsemi, til þess að til skaðabótaskyldu stofnist verður saknæm háttsemi að hafa orsakað tjón.¹⁷ Það er því gerð krafa um orsakatengsl milli háttseminnar og tjónsins. Þessi krafa felst ekki aðeins í því að háttsemin hafi leitt til tjóns, heldur þurfa að vera orsakatengls milli háttseminnar og alls þess tjóns sem tjónþoli verður fyrir. Það er því skilyrði þess að til skaðabótaskyldu stofnist að hægt sé að sýna fram á slík orsakatengsl.¹⁸

Þó svo að hægt sé að sýna fram á að orsakatengsl séu milli háttsemi og tjóns nægir það eitt ekki til þess að til skaðabótaskyldu stofnist. Skaðabótaábyrgð er sett ákveðin mörk sem dregin eru samkvæmt reglum um sennilega afleiðingu.¹⁹ Með sennilegri afleiðingu er átt við það tjón sem er fyrirjáanleg afleiðing bótaskyldrar háttsemi, það er að segja þær afleiðingar sem hinn bótaskyldi sá eða átti að sjá fyrir þegar hin bótaskylda háttsemi var viðhöfð. Tilgangurinn með

¹² Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 141.

¹³ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 53.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 158-163.

¹⁵ Sigríður Logadóttir. (2003). Bls. 405.

¹⁶ Sigríður Logadóttir. (2003). Bls. 407.

¹⁷ Arnljótur Björnsson. (2005). Bls. 89.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 346-347.

¹⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 363.

Þessari reglu er að menn verði ekki gerðir bótaskyldir vegna afleiðinga sem eru ófyrirsjáanlegar eða tilviljunarkenndar.²⁰

Tjón

Tjón er skilgreint sem eyðilegging eða skerðing lögvarinna hagsmuna, sem oftast eru fjárhagslegir, en geta þó einnig verið ófjárhagslegir. Tjón getur átt við skemmdir eða eyðileggingu á hlut, lausafé eða fasteign, en einnig getur það átt við tjón á líkama, en með líkamstjóni er bæði átt við meiðsl á líkama og andleg einkenni.²¹ Tjón sem verður á fjárhagslegum hagsmunum nefnist fjártjón, en yfir ófjárhagslegt tjón er notað orðið miski. Með miska er átt við skerðingu ófjárhagslegra gæða, og getur þá eins og áður er getið bæði verið um að ræða líkamstjón, t.d. að hljóta ör í andliti eftir tjón, og andlegt tjón, svo sem ærumeiðingar.²²

Sönnun

Í skaðabótarétti er það tjónþoli sem ber sönnunarbyrðina af því að tjón hafi orðið og hvert umfang þess sé, auk þess sem hann þarf að sanna sök tjónvalds og orsakatengsl milli saknæmrar háttsemi og tjónsins. Mistakist að sanna þetta allt, ber að sýkna þann sem krafinn er um bætur.²³

Tjónþoli þarf að sýna fram á að tjón hafi orðið, annað hvort skemmdir á munum, líkamstjón, annað hvort líkamlegt eða andlegt, eða almennt fjártjón, það er að segja tjón sem er hvorki líkams- né munatjón, svo sem stöðvun atvinnurekstrar vegna saknæmrar háttsemi. Þegar um líkams- eða munatjón er að ræða þarf tjónþoli að sýna fram á að það hafi valdið honum fjárhagslegu tapi eða miska, t.d. vegna tekjumissis, læknskostnaðar eða viðgerðarkostnaðar.²⁴

Tjónþoli þarf einnig að sýna fram á að tjón verði rakið til sakar tjónvalds, og að orsakatengsl séu milli háttsemi hans og tjónsins. Ekki er nóg að sýna fram á tjón ef ekki er hægt að sýna fram á að til þess hafi verið unnið með saknæmum hætti, og að bein orsakatengsl séu milli hinnar saknæmu háttsemi og tjónsins.²⁵

²⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 366.

²¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 37.

²² Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 13.

²³ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 133.

²⁴ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 134.

²⁵ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 134.

Lækkunarregla 24. gr. skaðabótalaga

Í aðdraganda setningu skaðabótalaga á Íslandi árið 1993 hafði réttarþróunin verið sú að skaðabótareglur höfðu verið hertar til þess að koma til móts við kröfur um ríkari vernd tjónþola, sérstaklega hvað varðaði tjón á mönnum og munum. Jafnframt þessum kröfum spratt umfjöllun um hina hlið málsins, það er að segja þá sem snýr að réttarvernd tjónvalds eða annarra sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni. Bent var á að í ýmsum tilvikum gæti það verið ósanngjarn að sá sem veldur tjóni sé látinn bera ábyrgð á því skilyrðislaust, t.d. í tilfellum þar sem efnalítill aðili veldur stórfelldu tjóni með lítills háttar yfirsjón.²⁶ Þetta var í samræmi við þá umræðu sem átti sér stað í aðdraganda setningar skaðabótalaga í Danmörku, en eins og áður segir var stuðst við þau lög við samningu íslensku skaðabótalaganna. Við undirbúning setningar skaðabótalaga í Danmörku var eitt af því sem undirbúningsnefndin²⁷ lagði áherslu á að ekki væri nóg að taka tillit til tjónþola, heldur yrði einnig að taka tillit til tjónvalds. Rökin fyrir þessu voru nokkur, til að mynda yrði að taka tillit til þess að við nútímaaðstæður gæti smávægilegt, og jafnvel afsakanlegt gáleysi leitt til meiriháttar tjóns. Auk þess gætu aðstæður verið þannig að tjónvaldur ætti enga raunhæfa möguleika á því að bæta skaðann, eða þá að hann gæti það einungis með því að færa fórnir sem ekki væru í neinu samræmi við það gáleysi sem hann hefði sýnt af sér við það að valda skaðanum. Jafnframt væri það oft hreinni tilviljun háð hvort smávægilegt gáleysi hefði í för með sér tjón og hversu stórt það tjón yrði. Að lokum benti nefndin einnig á það að ekki væri endilega hægt að kaupa ábyrgðartryggingu sem næði yfir skaðabótaábyrgðina.²⁸

Með setningu skaðabótalaga var skaðabótaábyrgð tjónvalds í þeim tilvikum þar sem tjónþoli fær váttryggingarbætur að verulegu leyti afnumin og það sama var gert í þeim tilvikum þar sem tjónþoli er opinber aðili sem dreifir áhættu sinni án váttrygginga. Jafnframt var dregið mikið úr bótaskyldu starfsmanns sem veldur tjóni í vinnu sinni í þágu vinnuveitenda. Í ljósi þess að við lifum á tímum þar sem gríðarlegt tjón getur hlotist af aðeins óverulegu gáleysi manns þótti ástæða til þess að ganga lengra í þeim möguleika að geta dregið úr skaðabótaábyrgð, líkt og gert hafði verið í öðrum Norðurlöndum. Var því lögfest almenn lækkunarheimild, sem veitir tækifæri til þess að milda áhrif skaðabótareglna, með því að draga úr eða fella niður skaðabótaábyrgð ef sérstök rök liggja fyrir því að víkja frá almennum

²⁶ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

²⁷ Nefndin hét á dönsku Erstatningslovudvalget.

²⁸ Møller, Jens. (2002). Bls. 487.

reglum skaðabótaréttarins um stofnun bótaábyrgðar.²⁹ Þessa lækkunarheimild er að finna í 24. gr. skbl. og er hún svohljóðandi:

1. mgr. Lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika.

2. mgr. Þegar skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi má að nokkru eða öllu líta fram hjá því að tjónþoli er meðvaldur að tjóni. Regla þessi á einnig við um kröfu manns er misst hefur framferanda sem var meðvaldur að dauða sínum.

Eins og sjá má er reglan tvíþætt, annars vegar heimilar 1. mgr. lækkun skaðabótaábyrgðar tjónvalds að vissum skilyrðum uppfylltum og hins vegar heimilar 2. mgr. lækkun eigin sakar eða meðábyrgðar í þeim tilvikum þar sem tjónþoli er að einhverjum hluta ábyrgur, og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt. Reglan gildir um öll form skaðabótaábyrgðar, hvort sem um er að ræða ábyrgð vegna munatjóns, líkamstjóns, missis framferanda og almenns fjártjóns, hvort sem um er að ræða ábyrgð byggða á sakarreglunni eða eftir víðtækari bótareglum og hvort sem um er að ræða skaðabætur utan samninga eða bótaábyrgð sem styðst við samning. Það er því vítt gildissvið reglunnar sem gerir hana að almennri lækkunarreglu, en reglan er jafnframt sérstök í þeim skilningi að henni verður aðeins beitt í undantekningartilvikum þar sem skaðabótareglur myndu annars leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu, og virkar hún því sem eins konar öryggisventill fyrir þau tilvik.³⁰ Reglan heimilar lækkun eða niðurfellingu skaðabótaábyrgðar við tvenns konar aðstæður, annars vegar þegar ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt mætti telja og hins vegar ef að lækkun eða niðurfelling sé sanngjörn vegna óvenjulegra aðstæðna.³¹

Þó svo að megintilgangurinn með greininni hafi verið að bæta úr aðstæðum tjónvalds, þá varð greinin þó að feta ákveðinn meðalveg, svo notkun hennar leiddi ekki til ósanngjarnrar niðurstöðu á hinn veginn, það er að segja fyrir tjónþola. Í tilfellum þar sem tjónþoli á ekki möguleika á því að fá tjón sit bætt með váttryggingafé eða með öðrum bótaleiðum þá leiðir beiting reglunnar til þess að hann þarf óhjákvæmilega að bera hluta tjóns síns sjálfur. Því varð reglan að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að líta bæði til hagsmuna tjónvalds og tjónþola

²⁹ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

³⁰ Møller, Jens. (2002). Bls. 486.

³¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 394.

Þegar meta skal hvort reglunni verði beitt. Jafnframt þótti ástæða til þess að dómari hefði svigrúm til þess að líta til þess hvort beiting reglunnar stefndi varnaðaráhrifum skaðabótalaga í hættu, en með því var átt við að mjög víðtæk lækkunarheimild gæti orðið til þess að auka kæruleysi og minnkað hvöt manna til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr tjónahættu. Af þessum ástæðum er greinin orðuð þannig að henni verður ekki beitt nema í sérstökum undantekningar tilvikum.³² Reglan er undantekning frá þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttar að tjónvaldur sem ber skaðabótaábyrgð skuli bæta tjón að fullu. Ef litið er til dómaframkvæmdar frá setningu skaðabótalaga þá má draga þá ályktun að mikið þurfi til þess að reglunni verði beitt³³, en það hefur aðeins einu sinni gerst að Hæstiréttur hafi beitt reglunni í dómum sínum, en það gerðist í Hrd. 646/2009 sem verður reifaður ítarlega hér á eftir. Beitingu reglunnar hefur þó verið hafnað í allnokkrum tilfellum, og má sem dæmi nefna Hrd. 235/1998:

Málsatvik voru þau að S, sem var ökumaður bifreiðarinnar og H, sem var eigandi hennar, 21 og 19 ára karlmenn, höfðu hitt HR og vinkonu hennar, 15 ára stúlkur, fyrir utan sjoppu á Tálknafirði á föstudagskvöldi og boðið þeim far. Voru þeir báðir undir áhrifum áfengis, og buðu stúlkunum áfengi, sem þær þáðu. Eyddu fjórmennigarnir nokkrum klukkustundum saman í bíltúr, og fóru meðal annars í sund í Reykjafirði. Á leiðinni tilbaka úr Reykjafirði missti S stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún endastakkst eftir veginum. Við slysið hlaut HR mikla áverka og var varanleg örorka og varanlegur miski metin 25%. Í málinu var deilt um bótaskyldu S sem ökumanns bifreiðarinnar, H, sem eiganda bifreiðarinnar og T, tryggingarfélags. S, H og T reistu sýknukröfu sína á því að HR hafi vitað að S væri undir áhrifum áfengis og því hafi hún sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og þar með fyrirgert rétti sínum til bóta, skv. 2. mgr. 88. gr. unferðarlaga nr. 50/1987. HR hafði borið að hún hefði ekki vitað að S væri undir áhrifum áfengis. S, H og vinkona HR höfðu öll borið að henni hafi verið það fullljóst að S væri að aka undir áhrifum áfengis þegar þær settust inn í bílinn. HR bar fyrir sig 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og taldi að sökum aldurs hennar væri ekki hægt að gera sömu kröfur til hennar og fullorðinna manna, og því myndi vitneskja hennar um ástand S ekki koma í veg fyrir bótarétt hennar. Héraðsdómur sýknaði H og T af kröfum HR, en komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir það að HR hafi mátt vera ástand S ljóst þegar hún samþykkti að setjast upp í bíl með honum, þá væri rétt sökum aldurs hennar

³² Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

³³ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 393.

og alvarleika tjóns hennar að fella niður eigin sök hennar að hluta skv. 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og var S því dæmdur til þess að greiða helming kröfu HR. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu hérðasdóms að HR hafi með áhættutöku firrt sig rétti til bóta, en féllst ekki á að efni væru til að beita lækkunarheimild 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ef litið er til orðalags Hæstaréttar í niðurstöðum hans má sjá staðfestingu á eðli reglunnar sem undantekningarreglu, hvernar beiting er háð mati hverju sinni, en í dómnum segir: „*Þegar litið er til allra málsatvika verður heldur ekki fallist á að efni séu til að beita heimild 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til að dæma gagnáfrýjanda bætur úr hendi einhvers eða allra gagnaðila málsins.*“ Þó svo að í dómnum segi hvergi nákvæmlega hvers vegna ekki er fallist á beitingu lækkunarheimildarinnar þá má lesa úr þessu orðalagi dómsins að hann telur að hér sé um matskennda reglu að ræða, sem meta skal sérstaklega í hverju tilfelli út frá málsatvikum hverju sinni.

Þess eru dæmi úr dómaframkvæmd fyrir setningu skaðabótalaga að Hæstiréttur hafi lækkað bótaábyrgð sökum sérstakra aðstæðna svipuðum þeim sem lækunarheimild 24. gr. er ætlað að ná yfir. Þykir í því sambandi rétt að nefna Hrd. 83/1973 þar sem lögjöfnun var beitt frá lækunarheimild í lögræðislögum 95/1947 til þess að lækka skaðabótaábyrgð sökum fjárhags og aldurs tjónvalds.

M höfðaði skaðabótamál fyrir hönd sonar síns á hendur Ó og F, og syni þeirra, E vegna slyss sem hafði orðið við leik barnanna. Málsatvik voru þau að E, þá 10 ára drengur, hafði verið að leika sér með heimatilbúinn boga, en móðir hans, F, hafði séð það og bannað honum að leika sér með bogann og skipaði honum að eyðileggja hann. Þegar E fór út til þess að eyðileggja bogann hópuðust að honum krakkar og báðu hann að skjóta af boganum til að sýna þeim. E vildi ekki gera það, en spennti þó bogann með þeim afleiðingum að örin hrökk af honum og skaust í auga sonar M, sem var fimm ára á þeim tíma, og missti hann sjón á því. Örorka hans var metin 20%. M byggði skaðabótakröfu sína á hendur E á því að E hefði verið á 11. ári þegar slysið varð og hafi því átt að hafa öðlast þann þroska sem til þarf til að gera sér grein fyrir þeim hættum sem af slíku leikfangi gætu stafað. Kröfu sína á hendur Ó og F byggði hann á því að þeim hafi verið kunnugt um að hann hafi haft bogann í fótum sínum en ekki svipt hann umráðum hans. E byggði sýknukröfu sínu á því að slysið hafi orðið fyrir hreina óhappatilviljun en ekki gáleysi E. Boginn hafi jafnframt verið mjög ófullkominn og örin ótálguð og því hefði

ekki verið hægt að ætlast til þess að E gerði sér grein fyrir því hversu hættulegt tækið gæti verið. Sýknukröfu Ó og F byggðu þau á því að F hafi skipað E að eyðileggja bogann, og þar sem hún átti ekki öðru að venjast en að drengurinn hlýddi henni þá hefði hún átt að geta treyst því að svo væri einnig í umrætt sinn. Ó hafi verið frá vegna vinnu allan daginn og því væri ekki hægt að saka hann um vangæslu þar sem hann hafi ekki vitað af athæfi E. Til vara kröfðust E, Ó og F þess að krafan yrði lækkuð verulega og byggðu þá kröfu sína á lögjöfnun frá 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði. Með tilliti til aldurs E þegar slysið varð, og þess að dómurinn taldi að um óhappatilvik væri að ræða, sýknaði dómurinn E, Ó og F af kröfum M. Hæstiréttur komst aftur á móti að þeirri niðurstöðu að sökum óvarkárni E við meðferð bogans yrði að leggja á hann bótaábyrgð á tjóninu, en staðfesti sýknudóm hérðasdóms yfir Ó og F. Hæstiréttur komst þó einnig að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess að um afilltinn boga hafi verið að ræða, og að tilliti teknu til aldurs og fjárhags E, og þess að foreldrar hans höfðu ekki keypt ábyrgðartryggingu vegna hans, ætti með lögjöfnun frá 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði að lækka kröfuna og var E dæmdur til að greiða þriðjung kröfunnar.

2. mgr. 78. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, sem er samhljóða reglunni í eldri lögum, er svohljóðandi: *Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar hans að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.* Eins og sjá má af orðalagi ákvæðisins er því ætlað að ná yfir skaðabótaskyldu sem hvílir á samningi, en var í þessu tilviki beitt með lögjöfnun um skaðabótaábyrgð utan samninga. Í dómnum byggir Hæstiréttur niðurstöðu sína um lækkun skaðabótaábyrgðar á svipuðum félagslegum sjónarmiðum og þeim sem að baki liggja 24. gr. skaðabótalaga, það er að segja fjárhagsstöðu, tryggingarstöðu foreldra hans og aldri tjónvalds og því ljóst að tillit til tjónvalds er ekki einungis tilkomið fyrir tilstilli núverandi skaðabótalaga.

1. mgr. Lækkun bótaábyrgðar tjónvalds

Í málgreinni er heimild til lækkunar skaðabóta eða niðurfellingar bótaábyrgðar að uppfylltum vissum skilyrðum. Eins og áður er nefnt heimilar reglan lækkun við tvennar aðstæður, þegar

bótaskylda er svo þungbær að ósanngjarnt mætti telja og þegar lækkun telst sanngjörn vegna óvenjulegra aðstæðna.

Í fyrsta lagi er reglunni ætlað að ná yfir tilvik þar sem telja yrði óviðunandi út frá mannúðarsjónarmiðum og félagslegum viðhorfum að á tjónvald yrði lögð sú byrði að greiða fullar bætur. Það er því fyrst og fremst fjárhagur tjónvalds sem skiptir máli þegar metið er hvort beita skuli heimildinni. Þau önnur atriði sem talin eru upp í fyrri hluta 1. mgr., stærð tjónsins, eðli bótaábyrgðarinnar, hagsmunir tjónþola og vátryggingar sem fyrir hendi voru, hafa sömuleiðis áhrif á mat á því hvort ósanngjarnt megi telja að leggja bótaábyrgðina á tjónvald. Í athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að skaðabótalögum kom fram að þar sem reglunni væri ætlað að vera öryggisúrræði fyrir þau tilvik þar sem félagsleg viðhorf og mannúðarsjónarmið leiddu til þess að nauðsynlegt væri að víkja frá almennum reglum, þá ætti ekki að vera alveg girt fyrir það að bætur væru lækkaðar af þessum ástæðum jafnvel þó tjón væri rakið til stórfellds gáleysis eða jafnvel ásetnings tjónvalds. Þegar skilyrði fyrir beitingu reglunnar eru uppfyllt væri yfirleitt talið rétt að fella ekki niður bótaábyrgð, heldur lækka hana niður í upphæð sem ekki teldist svo þungbær að ósanngjörn yrði talin.³⁴

Í öðru lagi er reglunni ætlað að ná yfir tilvik þar sem það telst sanngjarnt að fella niður eða skerða bótaskyldu vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Reglunni er þar með hægt að beita þótt ekki séu fyrir hendi fyrrgreind skilyrði um að bótaábyrgð yrði tjónvaldi óeðlilega þungbær, en það telst af öðrum ástæðum ósanngjarnt að hann greiði bætur að hluta eða að fullu. Í athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að skaðabótalögum kemur skýrt fram að með orðalaginu „vegna mjög óvenjulegra aðstæðna“ sé verið að leggja áherslu á það að reglunni skuli aðeins beitt í undantekningartilvikum. Dæmi um tilvik þar sem reglunni yrði beitt af þessum ástæðum getur verið ef að maður sem verður fyrir líkamstjóni er jafn vel settur fjárhagslega og hann var áður en tjónið varð vegna greiðslu vátryggingarfjár.³⁵

2. mgr. Lækkun meðábyrgðar tjónþola

Í málsgreininni er heimild til lækkunar á meðábyrgð tjónþola. Þetta ákvæði veldur því að dómari getur ákveðið að lækka ekki bætur eftir þeim reglum sem annars gilda um meðábyrgð tjónþola. Tjónþoli fengi þannig ýmist fullar bætur eða í það minnsta hærri bætur en hann hefði annars fengið eftir almennum reglum um meðábyrgð tjónþola. Þessu ákvæði verður aðeins beitt að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. og líkt og 1. mgr. aðeins í undantekningartilvikum. Í

³⁴ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

³⁵ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

frumvarpinu kemur fram að með meðábyrgð sé ekki aðeins átt við eigin sök í þrengstu merkingu, heldur taki hún líka til tilvika þar sem tjónþoli fyrirgerir sér bótarétti með áhættutöku, sbr. Hrd. 235/1998 sem var reifaður hér að framan, en þar komst héraðsdómur að því að tjónþoli hefði ekki fyrirgert bótarétti sínum að fullu þrátt fyrir að hafa sest í bíl með ökumanni sem hún vissi að væri undir áhrifum áfengis.³⁶ 2. mgr. á einnig við um bótakröfur þeirra sem misst hafa framfæranda í tilvikum þar sem framfærandinn var meðvaldur að dauða sínum, en telja verður að dómstólar séu almennt tregir til beitingar heimildarinnar³⁷ eins og sjá má í Hrd. 360/1997:

Málsatvik voru þau að O lést í vinnuslysi er hann varð ásamt öðrum manni undir kranabómu við brúarsmíði, og höfðaði eiginkona hans Á, og dætur hennar HÆ og E, skaðabótamál vegna missis framfæranda gegn fyrirtækinu H sem að framkvæmdunum stóð og eiganda kranans S. S hafði látið hjá liggja að fara að kröfum vinnueftirlitsins um endurbætur á krananum og var því talinn að hluta ábyrgur á slysinu, en O var verkstjóri framkvæmdanna og var talinn hafa sýnt af sér gáleysi í aðdraganda slyssins. Hæstiréttur komst því að þeirri niðurstöðu að þeir tveir bæru ábyrgð á slysinu, en taldi eigin sök O hafa verið svo verulega að S var aðeins dæmdur til að bera 2/5 bótaábyrgðarinnar. Hæstiréttur hafnaði beitingu 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga um lækkun á meðábyrgð O þar sem Á, HÆ og E höfðu ekki náð að sýna fram á að aðstæður þeirra vegna fráfalls O væru svo sérstakar og óvenjulegar að rétt væri að beita því undantekningarákvæði frá almennum bótareglum.

Um höfnun beitingu lækkunarheimildarinnar segir dómurinn: „Verður ekki talið, að 2. mgr., sbr. 1. mgr., 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 geti átt hér við, en áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á það í málinu, að aðstæður þeirra vegna fráfalls Odds séu svo sérstakar og óvenjulegar, að rétt sé að beita því undantekningarákvæði frá almennum bótareglum, sem hér um ræðir.” Af þessu orðalagi Hæstaréttar má sjá staðfestingu dómsins á því að hér sé um algjöra undantekningarreglu að ræða og aðstæður þurfi að vera mjög sérstakar og óvenjulegar til þess að til greina komi að beita henni.

³⁶ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

³⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 397.

Lækkun eða niðurfelling bóta vegna of íþyngjandi ábyrgðar

Eins og fram kemur hér að framan er undirstaða mats á því hvort ástæða sé til að lækka bótaskyldu vegna þess að hún sé svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti telja, fjárhagsstaða tjónvalds. Önnur atriði sem nefnd eru í greininni svo sem eðli bótaábyrgðar og hagsmunir tjónþola hafa einnig áhrif á mat á því hvort um ósanngjarna byrði sé að ræða³⁸ en þau atriði hafa þó ekki úrslitaáhrif. Gáleysisstig eða fjárhagsstaða tjónþola getur t.d. þannig eitt og sér ekki orðið til þess að til lækkunar komi.³⁹ Það er því þannig að þótt að mat á því hvort beita eigi lækkunarheimild eigi að vera heildstætt mat á hagsmunum tjónvalds og tjónþola, þá er það alltaf fyrst og fremst fjárhagsstaða tjónvalds sem er lögð til grundvallar matinu. Af þessu leiðir að aldrei kæmi til greina að lækka skaðabótaábyrgð tjónvalds ef hann væri ábyrgðartryggður fyrir tjóninu þar sem að í slíku tilfelli væri ekki um að ræða of íþyngjandi ábyrgð.⁴⁰ Þegar talað er um fjárhagsstöðu tjónvalds er að sjálfsögðu ekki aðeins verið að meina lausafé, heldur heildareignir hans, þannig að ef að eignir tjónvalds eru bundnar í bílum og fasteignum, þá getur hann ekki borið fyrir sig lækkunarheimildinni sökum lausafjárskorts.⁴¹

Lækkunarheimildin hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir einstaklinga. Ríkið, sveitarfélög og opinberar stofnanir geta ekki borið heimildinni fyrir sig, og það sama gildir að mestu leyti um einkafyrirtæki, en þó gæti reglunni verið beitt í tilvikum þar sem greiðsla fullra bóta myndi hreinlega setja fyrirtæki á hausinn.⁴² Dæmi um beitingu reglunnar á þann hátt má sjá í U.1993.358H:

Málsatvik voru þau að bóndi hafði í miklu frosti borið umtalsvert magn áburðarhlands í bratta brekku sem hafði ollið mengun í fiskeldi. Fiskeldið leið af þessu fjárhagslegt tjón upp á 350.000 kr. danskar, en þar af var það tryggt fyrir 200.000 kr. Bóndinn var dæmdur skaðabótaskyldur, en dómurinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að greiðsla bótanna myndi verða til þess að bóndinn gæti ekki haldið áfram landbúnaðarrekstri og felldi því niður skaðabótaskyldu hans sem nam þeirri upphæð er var umfram trygginguna.

³⁸ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

³⁹ Kruse, A. Vinding. (1990). Bls. 478.

⁴⁰ von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2007). Bls. 416.

⁴¹ von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2007). Bls. 417.

⁴² Møller, Jens. (2002). Bls. 490-492.

Eins og áður segir er reglan undantekningarregla, og byggir mat á því hvort henni skuli beitt fyrst og fremst á fjárhagslegri stöðu tjónvalds. Ef skoðaðir eru tveir um margt svipaðir dómarsést þetta glögg:

U.1990.136V: Málsatvik voru þau að T, 17 ára drengur, hafði hitt A á veitingastað þar sem hann hafði setið að drykkju. Tókst með þeim tal, sem endaði með því að A keypti poka af rækjum af T. A fékk T lykllana að bíl sínum til þess að T gæti komið varningnum fyrir í bílnum. T, sem var undir talsverðum áhrifum áfengis, tók bílinn traustataki og ók honum með þeim afleiðingum að hann keyrði yfir á vitlausan vegarhelming og keyrði útaf og gjöreyðilagðist bíllinn við það. Tryggingarfélagið sem bíllin var tryggður hjá krafðist skaðabóta úr hendi T. T krafðist sýknu, og byggði þá kröfu sína á 19. gr. skaðabótalaga, en hún er samhljóða 19. gr. íslensku skaðabótalaganna, en samkvæmt henni stofnast ekki skaðabótaréttur vegna tjóns sem munatrygging nær til. Til vara krafðist hann þess að bótaábyrgðin yrði lækkuð skv. almennri lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þar sem T hefði neytt umtalsverðs magns áfengis, keyrt án ökuréttinda og auk þess sýnt af sér glæfralegt aksturslag, hefði hann sýnt af sér alvarlegt gáleysi og því ætti. 19. gr. skaðabótalaga ekki við, sbr. 1. tl. 2. mgr. hennar, en samkvæmt henni á regla 1. mgr. ekki við ef hinn skaðabótaskyldi veldur tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Dómurinn féllst aftur á móti á kröfu T um lækkun bótaábyrgðarinnar á grundvelli aldurs hans og fjárhagslegra aðstæðna, en T var ómenntaður og eignaltíll og var krafan því lækkuð um rúmlega helming.

Í þessum dómi er beiting reglunnar samþykkt á grundvelli aldurs og fjárhagsstöðu tjónvalds. Ef næsti dómur hér á eftir, sem er eins og áður segir um margt líkur þeim sem að ofan er reifaður, er skoðaður í samanburði þá sést aftur á móti glögg að beiting reglunnar er matskennd og háð málsatvikum hverju sinni.

U.1988.786V: Málsatvik voru þau að A, sem hafði verið að drykkju kvöldið áður, og setið að drykkju með fjölskyldu og vinum yfir daginn, hafði fengið lánaðan bíl af kunningja sínum, sem þó var ekki kunnugt um að A hefði neytt áfengis. A ók bílnum síðan undir áhrifum áfengis með þeim afleiðingum að hún missti stjórn á bílnum og velti honum og gjöreyðilagðist bíllinn. Tryggingarfélagið F krafðist skaðabóta úr hendi A. A krafðist sýknu, og bar fyrir sig 19. gr. skaðabótalaga, en til vara krafðist hún lækkunar á bótaábyrgðinni skv. 24. gr. skaðabótalaga, en A var í fastri vinnu, en var

ekki eignamikil. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ölvunarástand A hafi verið valdur að slysinu, og hún hafi gerst sek um stórfellt gáleysi og því var sýknukröfu hennar á grundvelli 19. gr. hafnað. Jafnframt taldi dómurinn að ekki væri grundvöllur til þess að beita lækkunarheimild 24. gr.

Dómar þessir eru um margt líkir, en niðurstaða þeirra hvað varðar beitingu lækkunarheimildar 24. gr. er sitt hvor. Ekki kemur margt fram í dómunum sem gefur beinlínis til kynna í hverju munurinn felst, en telja verður að það að stefnda í U.1988.786V er í fastri vinnu, og þrátt fyrir að vera ekki efnamikil þá kemur hvergi fram að fjárhagsleg staða hennar sé sérstaklega bágborin, og því augljóslega ekki þær aðstæður fyrir hendi sem til þarf til þess að slíkri undantekningarreglu verði beitt. Í U.1990.136V leiðir hins vegar skoðun á heildarmyndinni af aðstæðum stefnda til þess að grundvöllur telst vera fyrir beitingu reglunnar, enda hann mjög ungur og ómenntaður og ekki í fastri vinnu, og jafnframt er skaðabótakrafan rúmlega tvöfalt hærri í hans tilviki, og því frekar hægt að færa fyrir því rök að full bótaábyrgð yrði honum svo þungbær að ósanngjarnt yrði að teljast.

Umfang tjóns

Það er lykilatriði við mat á því hvort beita eigi lækkunarheimildinni hversu umfangsmikið tjónið er, sérstaklega kemur það til skoðunar við mat á því hvort um svo þungbæra bótaábyrgð sé að ræða fyrir hinn bótaskylda að ósanngjarnt megi telja.⁴³ Í ljósi þeirrar þróunar að skaðabótareglur hafa verið hertar á á undanförunum áratugum⁴⁴ hafa skaðabætur hækkað verulega, einkum fyrir líkamstjón, og er staðan orðin sú að bætur fyrir alvarlegustu líkamstjónin eru orðnar það háar að aðeins fáir einstaklingar geti staðið undir því að greiða þær að fullu. Á þetta sérsaklega við í þeim tilvikum þar sem tjónþoli er ungur eða ef hann hefur haft mjög háar tekjur fyrir slysið.⁴⁵ En líkt og rök geta staðið til þess að beita lækkunarheimildinni þegar um umfangsmikið tjón er að ræða, þá verður að telja að þeim mun umfangsminna sem tjónið er að því ólíklegra verði að grundvöllur sé fyrir beitingu heimildarinnar eins og sjá má í U.2006.356V:

Málsatvik voru þau að lögreglumaðurinn P hafði verið dæmdur skilorðsbundnum dómi fyrir ofbeldi gegn F í sambandi við handtöku hans á honum. Nefnd um skaðabætur fórnarlamba afbrota dæmdi F skaðabætur, sem greiddar voru úr hendi

⁴³ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 395

⁴⁴ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

⁴⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 395.

lögreglustjóraembættisins, og gerði embættið því endurkröfu á P vegna bótanna. Við flutning málsins kom fram að P hafði gerst sekur um ásetning til ofbeldis, og var talið að helming þess tjóns sem F hlaut mætti rekja til framgöngu P, alls 5.221 kr. danskar. Ekki þótti vera slíkar sérstakar aðstæður í málinu að ástæða væri til að beita lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga, enda um mjög takmarkaða upphæð að ræða.

Eðli bótaábyrgðar

Með eðli bótaábyrgðar í 1. mgr. 24. gr. skbl. er ekki átt við að það eigi að skipta máli hvort skaðabótaábyrgðin byggir á sakarreglunni eða víðtækari ábyrgðarreglum við mat á sanngirni þess að tjónvaldur beri ábyrgð á tjóni, heldur er verið að vísa til saknæmisstigs. Mun minni möguleikar eru því til lækkunar ef tjónvaldur hefur gerst sekur um ásetning eða stórfellt gáleysi.⁴⁶ Að sama skapi er ríkari tilhneiging til beitingar reglunnar ef um minniháttar gáleysi er að ræða. Vegna einkenna reglunnar sem félagslegrar og mannúðarlegrar öryggisreglu er þó ekki útilokað að reglunni verði beitt í tilfellum þar sem tjónvaldur hefur sýnt af sér stórfellt gáleysi eða jafnvel ásetning.⁴⁷ Dæmi þess má sjá í U.1990.136V sem reifaður var hér að ofan, en þar þótti stefndi hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að aka glæfralega undir talsverðum áhrifum áfengis, en þrátt fyrir það var fallist á lækkun eftir 24. gr. skbl. á grundvelli fjárhagsstöðu og aldurs tjónvalds og skaðabótaábyrgðin lækkuð um rúmlega helming. Annað dæmi þess að reglunni hafi verið beitt þrátt fyrir að um hafi verið að ræða stórfellt gáleysi er U.2008.1322V:

J, 21 árs karlmaður, varð valdur að bílslysi árið 2006, þá 19 ára gamall, með þeim afleiðingum að F lét lífið. J var í kjölfarið dæmdur fyrir manndráp af gáleysi og hlaut eins árs fangelsisvist. Fyrir dóminum kom í ljós að J hafði ekið mjög glannalega þar sem hann ók á 134 til 144 km/klst þar sem leyfilegur hámarkshraði var 80 km/klst. og hafði farið fram úr tveimur bílum á blindhæð með þeim afleiðingum að hann lenti framan á bíl F. Tryggingarfélag J greiddi bætur vegna slyssins og gerði endurkröfu á J. Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að akstur J hefði verið sérstaklega tillitslaus og að J hafi verið meðvitaður um hversu hættulegt aksturslag hans væri. J krafðist sýknu, en bar til vara fyrir sig lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga þar sem hann væri efnalítill og hefði nýlega hafið nám sem stæði í þrjú og hálf ár. Hann var með lágt tímakaup og laun fyrir útskrifaðan einstakling úr því námi sem hann stundaði voru

⁴⁶ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 395.

⁴⁷ Møller, Jens. (2002). Bls. 497.

einnig lág. Auk þess skuldaði hann umtalsverða fjárhæð. Dómurinn taldi að aksturslag J hefði verið sérstaklega glannalegt og í raun óréttlætlegt og því mætti sannanlega rekja slysið til gáleysis J, og því ætti tryggingafélagið endurkröfu á J skv. dönsku umferðarlögunum. Aftur á móti samþykkti dómurinn beitingu lækkunarheimildar 24. gr. skaðabótalaga á grundvelli þess að sökum fjárhagsstöðu J væri bótaábyrgðin svo þungbær að ósanngjarnt mætti teljast. Lækkaði dómurinn því kröfuna úr 1.200.000 kr. í 200.000 kr.

Líklegra er þó að stórfellt gáleysi eða ásetningur verði til þess að lækkunarheimild verði ekki beitt, eins og sést t.d. í Hrd. 109/1998:

Málsatvik voru þau að Þ, sem umsjónarmaður og stjórnarmaður í lífeyrissjóði L hafði verið dæmdur fyrir umboðssvik vegna kaupa sem hann hafði gert í nafni sjóðsins á skuldabréfum, án þess að hafa til þess heimild. Auk þess var hann dæmdur fyrir að hafa dregið sér fé úr sjóðnum. L höfðaði skaðabótamál gegn Þ og S, sem var endurskoðandi L, en hann var talinn hafa brugðist skyldum sínum gagnvart L, m.a. með því að hafa ekki aflað gagna um veðhæfi bréfanna og að hafa ekki kannað afstöðu stjórnar til kaupanna. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að aðstæður væru til að lækka skaðabótaábyrgðina skv. 24. gr. skbl. og lækkaði kröfuna verulega. Hæstiréttur komst aftur á móti að þeirri niðurstöðu að ekki væru nein efni til þess að beita lækkunarheimildinni.

Ekki verður mikið ráðið í orðalag Hæstaréttar er snýr að höfnun beitingar lækkunarheimildar 24. gr., en um það segir í dómnum: „...*hins vegar eru engin efni til að færa [bæturnar] niður með vísan til 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.*“ Þó verður að telja líklegt að alvarleiki háttsemi þeirra sem tjóninu ollu hafi verið meginástæða þess að beitingu lækkunarheimildar 24. gr. var hafnað.⁴⁸

Aðstæður tjónvalds

Við sanngirnismatið ber samkvæmt 24. gr. einnig að líta til aðstæðna tjónvalds. Hér að framan hefur verið farið yfir það höfuðatriði sem fjárhagsleg staða tjónvalds er við mat á beitingu greinarinnar, en ef dómaframkvæmd er skoðuð má sjá að einnig er horft til persónulegra aðstæðna tjónvalds, svo sem aldurs eins og gert var í U.1990.136V sem reifaður var hér að

⁴⁸ Viðar Már Matthíasson dregur sömu ályktun í bók sinni *Skaðabótaréttur*, sjá bls. 395.

framan. Aldur tjónvalds var einnig metinn til grundvallar sérstakrar beitingar lækkunarheimildarinnar í U.1988.793V:

Málsavik voru þau að A, 15 ára drengur, hafði ásamt tveimur vinum sínum tekið vinnubíl föður síns í óleyfi og farið í bíltúr þar sem hann missti sjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann valt og gjöreyðilagðist. Tryggingarfélagið sem bíllinn var kaskótryggður hjá höfðaði mál til skaðabóta á hendur A. A bar því fyrir sig að fella ætti niður skaðabótaábyrgð skv. 24. gr. skaðabótalaga þar sem ósanngjarnt yrði með tilliti til fjárhagslegrar stöðu hans að fella á hann bótaábyrgð. Tryggingarfélagið bar því við að ekki væri grundvöllur fyrir beitingu lækkunarheimildarinnar þar sem henni væri einungis ætlað að vera beitt í undantekningartilvikum, og þar sem annars vegar væri um að ræða stórfellt gáleysi af hálfu A, og hins vegar að ekki væri um að ræða svo háa fjárhæð að bótaábyrgð mætti teljast svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti teljast. Á fyrsta dómstigi var fallist á það að ósanngjarnt mætti teljast að fella á A fulla bótaábyrgð og var krafan því lækkuð um 2/3. Landsréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að upphæð bótakröfunnar væri ekki svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti teljast fyrir A. Hins vegar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sökum ungs aldurs hans myndi líða svo langur tími þar til hann gæti greitt skaðabótakröfuna að fullu að vaxtakröfurnar myndu verða honum svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti teljast. Því var lækkunarheimild 24. gr. beitt á þann hátt að bótakrafan myndi ekki bera vexti fyrr en A yrði 22 ára.

Hagsmunir tjónþola

Við mat á því hvort grundvöllur sé fyrir beitingu lækkunarheimildar 24. gr. skbl. getur þurft að líta til hagsmuna tjónþola. Hagsmunir tjónþola snúa að sjáfsögðu alltaf að því að forðast lækkun bótaábyrgðar og að fá tjón sitt bætt að fullu, svo lengi sem hann fær ekki greiðslur frá þriðja aðila vegna tjónins, svo sem lífeyri, arf eða greiðslur frá hinu opinbera.⁴⁹ Einnig getur borið svo við að tjónþoli sé svo vel stæður að að hann geti vel borið það sjálfur, og það hafi ekki mikil áhrif á tekjuöflunarmöguleika hans. Í slíku tilfelli, þar sem tjónþoli væri það vel stæður að fjártjón hefur lítil áhrif á afkomu hans, á meðan bótaábyrgð á sama tjóni yrði

⁴⁹ Møller, Jens. (2002). Bls. 500.

tjónvaldi þungbær má telja að grundvöllur geti verið til beitingar lækkunarheimildar 24. gr. skaðabótalaga.⁵⁰

Vátryggingar aðila

Eitt af þeim atriðum sem taka skal tillit til við mat á því hvort beita skuli 24. gr. skaðabótalaga eru fyrirbyggjandi vátryggingar aðila. Með fyrirbyggjandi tryggingum er átt við keyptar tryggingar en ekki þær tryggingar sem aðilar höfðu möguleika á að kaupa.⁵¹ Sé tjónvaldur ábyrgðartryggður gegn því tjóni sem hann veldur er ekki grundvöllur fyrir beitingu lækkunarheimildar, þar sem þá væri augljóslega ekki um of íþyngjandi ábyrgð að ræða.⁵² Ef tjónþoli er með tjónatryggingu þá er gengið út frá því að tjónvaldur sé laus undan ábyrgð, sbr. 19. gr. skbl., en í þeim tilfellum þar sem hann verður talinn ábyrgur getur slík trygging verið grundvöllur fyrir beitingu lækkunarheimildarinnar.⁵³

Önnur atvik

Í 1. mgr. er einnig vísað til þess að líta beri til atvika að öðru leyti, en með því er fyrst og fremst verið að undirstrika að þau atriði sem talin eru upp í 1. mgr. eru ekki tæmandi talin, heldur er dómara frjálst að líta til hverra þeirra atriða sem hann telur að eigi að hafa áhrif á mat á því hvort beita skuli lækkunarheimildinni eða ekki. Dæmi úr dómaframkvæmd þar sem dómurinn lítur til annarra atriða en þeirra er talin eru upp í greininni er U.2005.60V:

A hélt úti heimasíðu sem hafði þann tilgang að koma fólki sem átti afrit af kvikmyndum undir höndum í samband, en þó var ekki hægt að niðurhala myndunum beint af síðunni. Einnig var á síðunni að finna texta við kvikmyndir, en þeim var hægt að hala beint niður af síðunni. D, Samband dreifingaraðila kvikmynda í Danmörku fór fram á lögbann á síðuna og höfðaði skaðabótamál á hendur A vegna tekna sem þeir hefðu orðið af vegna starfsemi hans. S, Samband danskra blaðamanna var einnig aðili máls og sóttist eftir skaðabótum vegna niðurbals texta að kvikmyndum af síðunni. A, sem var atvinnulaus og hafði engar tekjur af síðunni, krafðist sýknu. Dómurinn taldi að ekki léki vafi á því að síðunni hafi verið ætlað að stuðla að og auðvelda mönnum að skiptast á ólöglegum afritum af kvikmyndum, og að á síðunni hafi verið hægt að sækja texta að kvikmyndum ólöglega. Aftur á móti komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, út frá fjárhagslegum

⁵⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 396.

⁵¹ von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2007). Bls. 418.

⁵² Møller, Jens. (2002). Bls. 501.

⁵³ von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2007). Bls. 419.

aðstæðum A, og því að ekki hafi verið um að ræða gróðastarfsemi af hans hálfu og hann hafi í raun ekki hlotið neinn fjárhagslegan ávinning af rekstri síðunnar að grundvöllur væri til þess að lækka bótaábyrgðina skv. 24. gr. skbl, og var A dæmdur til að greiða ¼ ábyrgðarinnar.

Mjög óvenjulegar aðstæður

Vísan 1. mgr. til mjög óvenjulegra aðstæðna sem grundvallar fyrir lækkun bótaábyrgðar er eins og áður segir sjálfstæð frá skilyrðum um að bótaábyrgð sé tjónvaldi óeðlilega þungbær. Þessari reglu getur því verið beitt þó svo þeim skilyrðum sé ekki fullnægt. Með orðalaginu „mjög óvenjulegra aðstæðna“ er verið að leggja áherslu á að reglan komi aðeins til álita í algjörum undantekningartilvikum.⁵⁴ Reglan er fyllingarregla, því oftast væri um mjög óvenjulegar aðstæður að ræða í þeim tilvikum sem reglunni yrði beitt eftir fyrri skilyrðum 1. mgr. um fjárhag og önnur skilyrði sem farið hefur verið yfir hér að framan.⁵⁵ Sem dæmi um tilvik þar sem lækkunarheimild yrði beitt af þessum ástæðum má nefna tilvik þar sem slasaður maður er eins settur fjárhagslega og hann var áður en hann lenti í tjóni, t.d. vegna tryggingagreiðslna.⁵⁶ Dæmi úr danskri dómaframkvæmd þar sem mjög óvenjulegar aðstæður voru lagðar til grundvallar beitingar lækkunarheimildarinnar er U.1996.862H, en þar var það samspil fjárhagslegrar stöðu tjónvalds og andleg heilsa hennar sem leiddi til beitingar 24. gr. skbl.:

Málsatvik voru þau að K hafði verið dæmd fyrir að kveikja í íbúðarhúsi, og hafði hún verið dæmd til árs vistar á geðspítala. Tryggingarfélag það sem húsið var tryggt hjá höfðaði nokkrum árum síðar skaðabótamál til endurkröfu á K að fjárhæð 1,5 milljóna kr. danskra. Við rekstur málsins kom í ljós að K hafði átt við umtalsverð geðræn vandamál að stríða, en margt benti til ástand hennar væri orðið stöðugt og að hún væri að koma lífi sínu í betra horf. Hún hafði frá því að hún var útskrifuð af geðspítalanum gengið í hjónaband og eignast tvö börn, jafnframt því að finna trú. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að með háttsemi sinni hefði K í hið minnsta sýnt af sér stórfellt gáleysi og væru því rök fyrir því að fallast á skaðabótakröfu tryggingarfélagsins. Þrátt fyrir það var K sýknuð af kröfunni með þeim rökum að bæði væri krafan svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti telji, og eins með vísan til hlutverks reglu 24. gr. skbl. sem eins konar

⁵⁴ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

⁵⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 397.

⁵⁶ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

félagslegrar og mannúðarlegrar öryggisreglu, en það að fella á K bótaábyrgð var talið geta staðið möguleikum hennar á endurhæfingu mjög fyrir þrifum.

Lækkun eða niðurfelling á meðábyrgð tjónþola

Fram til fyrri heimstyrjaldar gildi sú regla í íslenskum skaðabótarétti að bótaábyrgð tjónvalds féll niður ef einnig var um að ræða sök af hálfu tjónþola, nema ef sök tjónvalds væri svo mikil að hægt væri að segja að hann bæri megin sök á tjóninu, og var þá um að ræða fullar bætur úr hendi tjónvalds.⁵⁷ Í dag er almenna reglan sú að beri tjónþoli að hluta meðábyrgð á tjóni, þá þurfi hann að bera hluta tjóns síns sjálfur, í samræmi við ábyrgð sína á því. Bótaskylda tjónvalds getur því undir vissum kringumstæðum sætt takmörkunum. Oft er hægt að rekja tjón að hluta eða öllu leyti til tjónþola sjálfs. Beri tjónþoli að öllu leyti ábyrgð á tjóni getur hann að sjálfsögðu ekki átt neina skaðabótakröfu. Atvik geta þó verið þannig að um sé að ræða skipta sök, það er að segja að tjón verði hluta rakið til sakar tjónþola. Í slíkum tilfellum er almenna reglan sú að sök tjónþola firri hann bótarétti að einhverju eða öllu leyti. Þessi regla er ólögfest, og á hún við hvort sem um er að ræða bótaskyldu byggða á sakarreglunni eða reglum um víðtækari bótaábyrgð.⁵⁸ Rökin fyrir slíkri reglu eru aðallega þau að hún komi í veg fyrir það að tilviljanir einar ráði því á hverjum tjón lendir. Ef tekið er dæmi um hjólreiðamenn sem lenda í árekstri sem er afleiðing saknæmrar háttsemi beggja aðila, þar sem aðeins annar verður fyrir tjóni, þá má sjá að niðurstaða sem leiðir til þess að sá sem fyrir tjóninu verður eigi enga bótakröfu vegna meðábyrgðar sinnar verður að teljast ósanngjörn þar sem að sá sem sleppur við tjónið, sleppur einnig við að bera ábyrgð á því. Eins myndi það leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu ef meðábyrgð tjónþola hefði engin réttaráhrif, þar sem niðurstaðan yrði sú að tjónþoli fengi tjón sitt að fullu bætt úr höndum þess sem ekki varð fyrir tjóni þrátt fyrir að eiga jafna sök á tjóninu.⁵⁹ Í raun má segja að um meðábyrgð tjónþola sé að ræða ef háttsemi hans er þannig að hún hefði bakað honum bótaskyldu gagnvart þriðja manni vegna tjóns sem honum hefði verið valdið með háttseminni.⁶⁰

Hér á Íslandi hefur það aðeins einu sinni gerst að beiting 24. gr. skbl. sé samþykkt fyrir Hæstarétti, og var það í Hrd. 646/2009, þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að grundvöllur væri fyrir því að líta fram hjá meðábyrgð tjónþola vegna þess hve gáleysi hans

⁵⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 374.

⁵⁸ Arnljótur Björnsson. (1999). Bls. 125

⁵⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 376.

⁶⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). Bls. 378.

hefði verið óverulegt og hversu þungbært hið alvarlega líkamstjón sem hann varð fyrir væri honum.

Málsatvik voru þau að A, erlendur ríkisborgari stakk sér til sunds í grunnu lauginni í Laugardalslaug og rak við það höfuðið í botninn með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund og hlaut alvarlegan skaða af. Lamaðist hann fyrir neðan háls, og var það mat lækna að hann yrði alla ævi upp á aðra kominn. Var varanlegur miski metinn 90 stig, en varanleg örorka 100%. A höfðaði skaðabótamál gegn R, rekstraraðila laugarinnar. A bar því fyrir sig að merkingum á laugabökkum hefði verið ábótavant, engin skilti hafi gefið til kynna að dýfingar væru óheimilar eða að sá endi laugarinn sem hann stakk sér í sé grunnur og hætta stafi af dýfingum. Einnig bar hann því fyrir sig að vera ókunnugur staðháttum í lauginni, og að þar sem slysið hafi átt sér stað að kvöldi til hafi hann vegna myrkurs ekki séð þá litlu merkingu sem til staðar var. A hélt því fram að rétt væri að líta fram hjá því að öllu eða nokkru leyti, færi svo að dómurinn teldi hann hafa að einhverju leyti verið meðvaldan að tjóni sínu vegna einfalds gáleysis og vísaði hann um það til 2. mgr. 24. gr. skbl, og lagði áherslu á hversu alvarlegar afleiðingar slyssins væru fyrir hann, og hve þungbærar þær væru honum. R bar því fyrir sig að ekki væru uppfyllt skilyrði til þess að fella skaðabótaábyrgð á R þar sem slysið yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi R, heldur fyrst og fremst til óaðgæslu A. Héraðsdómur féllst á það að merkingum hafi verið ábótavant, en taldi einnig að A hafi ekki sýnt af sér næga varkárni þegar hann stakk sér til sunds án þess að ganga úr skugga um dýpi laugarinnar. Komst dómurinn því að þeirri niðurstöðu að vegna gáleysis A yrði honum gert að bera 1/3 tjóns síns sjálfur. Dómurinn hafnaði því að skilyrði væru til þess að líta fram hjá meðábyrgð tjónþola skv. 24. gr. skaðabótalaga. Hæstiréttur komst aftur á móti að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess að gáleysi A var óverulegt, saknæmi R hafi falist í því að ekki var farið eftir fyrirmælum í reglugerð um greinilegar merkingar sem þó hefði átt að vera auðvelt án mikils kostnaðar og að R væri sveitarfélag sem hefði váttryggt þá hafsmuni sem í húfi voru, þá yrði að fallast á beitingu 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga og því horft fram hjá meðábyrgð A og honum dæmdar fullar bætur vegna slyssins.

Í niðurstöðum sínum nefnir Hæstiréttur þrjú atriði til grundvallar beitingu 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga, í fyrsta lagi að gáleysi tjónþola hafi verið óverulegt, í öðru lagi að saknæmi Reykjavíkurborgar hafi falist í því að fara ekki eftir reglugerð um greinilegar merkingar þó svo að slíkt hefði verið hægt að gera með litlum tilkostnaði, og í þriðja lagi að Reykjavíkurborg sé sveitarfélag sem váttryggt hafi þá hagsmuni sem í húfi séu. Síðan segir í

dómnum: „*Með hliðsjón af framangreindum atriðum og atvikum að öðru leyti er fallist á, með vísan til 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga, að líta beri fram hjá því að gagnáfrýjandi var meðábyrgur að tjóni sínu og verða honum dæmdar fullar bætur vegna slyssins.*“ Þarna má enn og aftur lesa út úr orðalagi dómsins staðfestingu á því að um matskennda reglu er að ræða sem háð er mati á málsatvikum hverju sinni.

Fyrsta atriðið sem Hæstiréttur byggir niðurstöðu sína á er í fullkomnu samhengi við augljósan vilja löggjafans að hægt væri að lækka bótaábyrgð eða meðábyrgð í tilfellum þar sem minni háttar gáleysi leiddi til meiri háttar tjóns, en í sthugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að skaðabótalögum segir: „*Þykir því nauðsynlegt að opna leið til þess að létta í undantekningartilvikum tjónsbyrði hins bótaskylda ef sérstakar og óvenjulegar ástæður eru fyrir hendi, t.d. þegar efnalítill maður veldur stórfelldu tjóni vegna lítills háttar yfirsjóonar.*“⁶¹

Með öðru atriðinu sem Hæstiréttur byggir á virðist dómurinn leggja talsverðan þunga á það að saknæmi Reykjavíkurborgar hafi falist í atriði sem hefði auðveldlega og með litlum tilkostnaði verið hægt að koma þannig fyrir að fullnægjandi væri og í samræmi við reglugerð. Er Hæstiréttur með þessu að vísa til þess að líta beri til eðlis bótaábyrgðar, sbr. 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga, en eins og áður hefur verið fjallað um þá er þar ekki átt við grundvöll bótaábyrgðar heldur saknæmisstig.

Þriðja atriðið sem Hæstiréttur byggir niðurstöðu sína á er tryggingarstaða Reykjavíkurborgar. Ekki gildir nein almenn regla um áhrif ábyrgðartryggingar hins bótaskylda á beitingu lækkunarheimildar vegna meðábyrgðar, en mögulega er hægt að gagnálykta út frá reglunni sem gildir um áhrif þess að tjónþoli sé með tjónatryggingu. Almenna reglan er sú að sé tjónþoli með tryggingu þá sé tjónvaldur laus undan ábyrgð, en í þeim tilfellum þar sem tjónvaldur er dæmdur ábyrgur þá getur slík trygging verið grundvöllur fyrir lækkun bótaábyrgðar.⁶² Af orðalagi Hæstaréttar má því sennilega draga þá ályktun að dómurinn telji tilvist ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar þannig grundvöll fyrir beitingu lækkunarheimildarinnar.

⁶¹ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

⁶² von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2007). Bls. 419.

Niðurstöður

Markmið ritgerðar þessarar var fyrst og fremst að greina skilyrði þess að lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga yrði beitt og að kanna dómaframkvæmd í því sambandi. Við rannsókn á viðfangsefninu kom snemma í ljós að lítil reynsla er komin á beitingu reglunnar í íslenski dómaframkvæmd og því er ritgerðin að mestu byggð á danskri dómaframkvæmd og verða niðurstöður því eðlilega að mestu dregnar af henni. Í ljósi þess hve lítið hefur reynt á beitingu reglunnar í íslenskum rétti þykir þó vert að benda á að ekki er hægt að fullyrða að þær niðurstöður eigi endilega við í íslenskum rétti þó svo að ákvæðin séu samhljóða í löndunum tveimur.

Við skoðun á reglunni og beitingu hennar í dómaframkvæmd kemur bersýnilega í ljós að um matskennda reglu er að ræða. Sést þetta einkum vel í orðalagi Hæstaréttar í Hrd. 235/1998 þar sem beitingu reglunnar er hafnað með vísan til málsatvika. Svipað orðalag er að finna í Hrd. 646/2009 þar sem Hæstiréttur leggur þrjú atriði sérstaklega til grundvallar niðurstöðu sinnar, og vísar jafnframt til atvika að öðru leyti. Best sést þó hversu matskennd reglan er þegar skoðaðir eru tveir danskir dómur sem eru um margt líkir, U.1988.786V, en sá dómur snerist um skaðabótakröfu á hendur konu sem hafði ekið lánsbíl undir áhrifum áfengis með þeim afleiðingum að bíllinn eyðilagðist, og U.1990.136V sem snerist um skaðabótakröfu á hendur ungum dreng sem hafði stolið bíl og ekið honum glæfralega og undir áhrifum áfengis með þeim afleiðingum að hann eyðilagðist. Í fyrri dómnum var beitingu reglunnar hafnað, án þess að hægt sé að ráða í orðalag dómsins af hvaða ástæðum það er gert, en í seinni dómnum samþykkir dómurinn að lækka bótaábyrgð umtalsvert sökum fjárhagsstöðu og aldurs tjónvalds.

Þegar dómaframkvæmd er skoðuð þá er það áberandi að í nánast öllum tilfellum þar sem dómur hefur samþykkt að lækka bótaábyrgð á grundvelli reglunnar þá er það gert að miklum hluta til á grundvelli fjárhagsstöðu tjónvalds. Þó svo að í ákvæðinu séu upptalin nokkur atriði sem líta beri til við heildarmat á því hvort aðstæður séu til að beita reglunni, þá er það fyrst og fremst fjárhagsstaða tjónvalds sem er lögð til grundvallar, og önnur atriði sem líta ber til samkvæmt ákvæðinu eru notuð til fyllingar. Þetta má sjá í þeim dómum þar sem beitingu reglunnar hefur verið samþykkt: Í U.1990.136V sem nefndur var hér að ofan er beiting reglunnar samþykkt á grundvelli fjárhagsstöðu og aldurs tjónvalds. Í U.2008.1322V, þar sem tjónvaldur er fundinn sekur um stórfellt gáleysi við akstur bifreiðar sem verður til þess að hann lendi í árekstri og maður lætur lífið, er beiting hennar samþykkt á grundvelli

fjárhagsstöðu tjónvalds. Í U.1988.793V er beiting reglunnar samþykkt á grundvelli aldurs tjónvalds, en þó fyrst og fremst vegna þeirra fjárhagslegu áhrifa sem það myndi hafa fyrir hann að þurfa að greiða vexti frá dómsuppsögn. Í U.2005.60V, sem snerist um skaðabótakröfu á hendur manni sem hélt úti heimasíðu þar sem fólk gat komist í samband við aðila sem gátu útvegað afrit af höfundarvörðu myndefni, er beiting reglunnar samþykkt á grundvelli fjárhagsstöðu tjónvalds og þess að hann hafi ekki haft fjárhagslegan ávinning af síðunni. Í U.1996.862H er fjárhagsleg staða tjónþola ekki nefnd beinum orðum, en í dómnum er grundvöllur beitingar reglunnar tvíþættur, annars vegar mjög óvenjulegar aðstæður, og hins vegar að bótaábyrgðin myndi reynast tjónvaldi svo íþyngjandi að ósanngjarnt mætti teljast. Eini dómurinn sem fjallað er um í ritgerð þessari þar sem beiting reglunnar er samþykkt en fjárhagslegar aðstæður tjónvalds eða tjónþola eru ekki nefndar sérstaklega til grundvallar er Hrd. 646/2009, þar sem það er lágt gáleysisstig tjónþola, eðli bótaábyrgðar hins bótaskylda og tryggingarstaða hins bótaskylda sem lagt er til grundvallar beitingu reglunnar. Þessi áhersla á fjárhagsstöðu þess sem beitir fyrir sig lækkunarheimild 24. gr. er í fullkomnu samræmi við lögskýringargögn, en í athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að skaðabótalögum segir að það sé fyrst og fremst fjárhagur tjónvalds sem skiptir máli þegar metið er hvort beita skal heimildinni.⁶³ Þeir dómur þar sem beiting reglunnar hefur verið samþykkt á grundvelli fjárhagsstöðu eiga það einnig sameiginlegt að í öllum tilfellum hefur heimildinni verið beitt til lækkunar en ekki algjörar niðurfellingar bótaábyrgðar, og er sú framkvæmd að færa bæturnar niður í það horf að ekki geti lengur ósanngjarnar talist, frekar en að fella þær alveg niður einnig í samræmi við lögskýringargögn.⁶⁴

Við skoðun á dómi U.1996.862H sést þó að ekki er einungis litið til fjárhagslegra aðstæðna við mat á því hvort beita eigi reglunni, en í þeim dómi, sem snerist um háa skaðabótakröfu vegna íkveikju, var beiting reglunnar samþykkt á þeim grundvelli að auk þess að vera svo íþyngjandi að ósanngjarnt gæti talist, þá gæti það að fella skaðabótaábyrgð á tjónvaldinn, sem hafði átt við talsverð geðræn vandamál að stríða, staðið endurhæfingu hennar fyrir þrifum. Grundvöllur niðurstöðu þessa dóms er því bæði fyrri hluti 1. mgr. 24. gr. að því leyti að bótaábyrgðin væri tjónvaldi svo þungbær að ósanngjarnt mætti telja, og seinni hluti 1. mgr. að því leyti að hann byggir á þeirri heimild til að fella niður eða lækka bætur vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þessi dómur er sá eini sem fjallað er um í ritgerð þessari þar sem skaðabótaábyrgð er felld algjörlega niður, og gæti það gefið til kynna að þegar dæmt er eftir

⁶³ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

⁶⁴ Alþingistíðindi. Þskj. 596 - 326. mál, 116. lp. (1993).

bæði fyrri hluta 1. mgr. um ósanngirni þess að tjónvaldur beri of þungbæra bótaábyrgð og seinni hluta hennar um mjög óvenjulegar aðstæður, þá sé seinni hluti greinarinnar ríkjandi hvað varðar ákvörðun um það hvort lækka eigi bótaábyrgð eða fella hana niður með öllu. Þó er hér aðeins um eitt dæmi að ræða og því ekki hægt að fullyrða neitt um slíkt.

Beiting reglunnar í danskri dómaframkvæmd er all nokkur, og eins og farið hefur verið yfir í ritgerðinni þá hafa dómstólar all oft fallist á beitingu reglunnar, jafnvel í málum þar sem um er að ræða stórfellt gáleysi eða jafnvel ásetning. Þessu er ekki fyrir að fara hér á landi. Lítið er þó hægt að fullyrða um regluna út frá dómaframkvæmd hér á landi þar sem lítið hefur á hana reynt. Hæstiréttur hefur einungis einu sinni samþykkt beitingu hennar, og það var út frá 2. mgr. hennar um lækkun eða niðurfellingu meðábyrgðar tjónþola. Reglunni hefur þó nokkrum sinnum verið haldið frammi fyrir dómi, og hafa þrír dómur þar sem beitingu reglunnar er hafnað verið reifaðir í ritgerðinni, Hrd. 360/1997, Hrd. 109/1998 og Hrd. 235/1998. Reglunni hefur oftari verið haldið frammi fyrir dómi, en ekki þótti ástæða til að reifa alla þá dóma.

Eins og að framan segir þá er lítil reynsla komin á beitingu reglunnar í íslenskum rétti og því erfitt að draga þá ályktun að íslenskir dómstólar séu tregari til þess að beita henni en þeir dönsku. Líklegri skýring á þeim mun sem virðist vera á beitingu reglunnar í dómaframkvæmd landanna tveggja er sú að dönsku skaðabótalögin eru tæpum áratug eldri en þau íslensku, auk þess sem dómskerfið í Danmörku er umtalsvert stærra og umfangsmeira sökum mikils munar á fólksfjölda milli landanna. Því má telja að líklegt sé að munurinn á löndunum tveimur felist í miklum mun á stærð úrtaks hvað varðar dóma þar sem reglunni hefur verið haldið frammi.

Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið farið yfir lækkunarheimild 24. gr. skaðabótalaga, ástæður fyrir setningu hennar, tilgang hennar og þau atriði sem lögð eru til grundvallar mati á því hvort beita eigi reglunni. Farið var lauslega yfir skaðabótarétt almennt og helstu hugtökum hans gerð skil. Þá var lækkunarheimild 24. gr. gerð skil, fyrst með almennri umfjöllun um greinina og tilgang hennar, og þvínæst ítarlegri umfjöllun um 1. og 2. málsgreinar hennar. Þá var þeim matsatriðum sem liggja til grundvallar ákvörðun um beitingu reglunnar gerð greinargóð skil.

Höfundur telur að efnistöku hafi verið gerð góð skil í ritgerð þessari og að umfjöllun miðist við þau atriði og þá dóma sem mestu máli skipta við skoðun á efninu. Þó hefði vissulega verið hægt að fjalla um fleiri dóma efninu til stuðnings, en sökum lengdar- og tímatakmarkana þótti

Það ekki raunhæft. Þó er það von höfundar að vel hafi tekist til við að draga fram og skýra helstu atriði umfjöllunarefnisins og að lestur ritgerðarinnar veiti lesanda fá góða heildarsýn á efnið.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur: Kennslubók fyrir byrjendur* (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Kruse, A. Vinding. (1990). *Erstatningsretten* (5. útgáfa). Danmörk: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Møller, J. og Wiisbye, Michael S. (2002). *Erstatningsansvarsloven med kommentarer* (6. útgáfa). Danmörk: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Sigríður Logadóttir. (2003). *Lög á bók*. Reykjavík: Mál og menning.

Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

von Eyben, Bo. og Isager, Helle. (2007). *Lærebog í erstatningsret* (6. útgáfa). Danmörk: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Dómaskrá

Íslenskir dómar

Hrd. 83/1973

Hrd. 360/1997

Hrd. 109/1998

Hrd. 235/1998

Hrd. 646/2009

Danskir dómar

U.1988.786V

U.1988.793V

U.1990.136V

U.1993.358H

U.1996.862H

U.2005.60V

U.2006.356V

U.2008.1322V

Lagaskrá

Íslensk lög

Umferðarlög 50/1987

Skaðabótalög nr. 50/1993

Lög um einkahlutafélög 138/1994

Lögræðislög nr. 71/1997

Brottfallin lög

Lögræðislög nr. 95/1947

Dönsk lög

Lov nr. 885, Erstatningsansvarsloven

